



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1995

Góðir Íslendingar, góðan dag og gleðilegt nýtt ár.

Við áramót þökkum við landsmenn hver öðrum samferð á liðnu ári, óskum þess af alhug að farsæld megi fylgja okkur á hinu nýja. Þessu sinni er ofarlega í huga að á nýliðnu ári var efnt til hátíðar sem lengi verður í minnum höfð í tilefni af hálftrar aldar afmæli lýðveldisins Íslands. Enda þótt svo óheppilega hafi tekist til að ekki komust allir þeir til Þingvalla sautjanda júní sem þar vildu vera, er verðugra að minnast þess sem vel tókst. Það var ógleymanlegt að líta yfir vellina þennan dag, sjá þá þéttskipaða fólki, sem naut þess fólksvalaust að vera saman í vorþeynum. Það yljaði og var örvandi í senn að vita af öllum þessum einstaklingum, og öðrum um allt landið, sem þennan dag vissu svo gjörla að þeir áttu samstöðu í lífinu; að þeir nutu hlýju hver af öðrum á vegferð sinni og í vonum sínum, að þeir voru sameinaðir í virðingu fyrir dýrustu eign okkar allra: landinu og að vera sjálfstæð þjóð með eigin rödd og rétt í samfélagi þjóðanna. Hér sem svo oft endranær skynjuðu menn að við eigum hvert annað að á Íslandi með þeim hætti sem fáar þjóðir aðrar þekkja. Það megum við þakka fámenni þjóðarinnar sem styrkir okkur í vitund um það hver við erum.

En um leið og við íhugum samstöðu okkar og þjóðerni hljótum við líka að gera okkur grein fyrir hinu, að aldrei fyrr höfum við verið jafnþreifanlega tengd öðrum þjóðum, jafnaugljós hluti hins alþjóðlega samfélags. Hér birtist okkur ein af mörgum þversögnum okkar tíma, sem heimskunnur framtíðarfræðingur, John Naisbitt, fjallar um af skarpskyggni í nýútkominni bók, sem nefnist „Alþjóðaþversögnin“. Þar bendir hann reyndar á Íslendinga sem fróðlegt dæmi um þjóð er verji og verndi tungu sína og hefur greinilega hrifist af því sem hann var fræddur um hér á landi fyrir ekki allöngu. Ein af staðhæfingum þessa fræðings um nútímann og framtíðina er svohljóðandi:

„Hagstjórn heimsins verður sífellt alþjóðlegri og smám saman mun og margt annað fara í sömu átt. En jafnframt verður hið átthagabundna enn mikilvægara – og er þar komið að enn einni þversögn sem er mikilvægur þáttur í alþjóðaþversögninni: *Því alþjóðlegri sem við verðum, þeim mun átthagabundnari verður hegðun okkar.*“

Þetta þykir okkur sem trúum á góða framtíð Íslands og Íslendinga góð tíðindi. Jafnframt er ljóst að alþjóðavæðingin leggur okkur miklar kvaðir á herðar. Við verðum meðal annars að kosta kapps um að gera komandi kynslóðir mæltar á sem allra flestar tungur, þar með talið málfæri stærðfræðinnar, og veita þeim þannig greiðari aðgang að fjölbættu erlendu samtarfi. Mikilvægt er hverja stund að gæta þess að ensk tunga – sem reynist svo áleitin – verði þó ekki alltof áhrifamikil í íslenskri hugsun og tjáningu. Í því ljósi sýnist brýnt að fyrsta erlenda málið sem kennt er í íslenskum skólum sé einhver önnur tunga, svo sem mál einhverrar bræðraþjóðar okkar á Norðurlöndum, sem ætíð verður mikilvægt að halda sem nánustu tengslum við. En um leið verðum við líka að leggja ofuráherslu á að styrkja og efla móðurtunguna,

þennan stórkostlega lykil að sérkennum okkar, minningum okkar og arfi, jafnt sem þekkingu í samtíð og framtíð. Hún er einn meginþráðanna sem spunnir eru í þann vef sem gerir okkur að þjóð.

*Ísland, farsælda-frón og hagsælda hrímhvíta móðir* kvað Jónas. Það er vert að taka eftir því, að í þessari lýðhvöt sinni skilur skáldið að farsæld og hagsæld eru tvö sjálfstæð hugtök. Það sýnist mikil tíska á okkar tíð að tala um hagsældina og þá helst í einföldum reikningsdæmum. Allt þarf, ef vel á að vera, að skila sjáanlegum hagnaði, stuðla að auknum hagvexti. En við mættum einnig leiða hugann að því, að sönn farsæld rís ekki sjálfkrafa upp af slíkri hagsæld. Til að hvort tveggja megi vera til og dafna þarf öðru fremur að sinna mannverunni sjálfri, ekki síst þeim sem eru að búa sig undir lífið, og huga sem best til framtíðar að þeirri virku og *lifandi menntun* sem eflir hvern einstakling til þroska, þeirri *þekkingu* sem gerir hverjum og einum kleift að leysa farsælega sérhverja þraut, hvort heldur við framleiðslu varnings eða í menningarlífi.

Við eigum góðar auðlindir; að sjálfsögðu verður aldrei um of brýnt fyrir mönnum að gæta þeirra sem best. En alltof oft virðast menn tala um þessar náttúrulegu auðlindir sem upphaf og endi alls. Þó þarf ekki að skyggjast um lengi á heimskringlunni til að sjá, að ekki er alltaf samhengi milli auðlindaeygnar af því tagi og velmegunar. Þjóðir sem fáar auðlindir eiga, eins og Danir eða Hollendingar, hafa náð langt í hagsæld og farsæld án þess að geta gengið í hefðbundna auðlindasjóði og sótt sér í hnefa. Og innst inni vitum við líka öll að notkun okkar á arðbærum náttúruauðlindum er löngu komin að ystu mörkum, ef ekki út fyrir þau.

Í raun eiga þær tvær þjóðir sem hér voru nefndar, eins og allar aðrar þjóðir, eina auðlind sem aldrei þrýtur heldur beinlínis eflist og styrkist sé henni sinnt af einarðri ræktarsemi. Þessi uppspretta er *mannauðurinn*. Ræktarsemi við þann auð er mikilvægari en allt annað, því af þeim auði vex allur annar auður. Hugvit og þekking eru þættir sem verða þyngri á metunum með hverju árinu sem líður, og ræktun hugvits og þekkingar er um leið efling þeirrar auðlindar sem fólgin er í mannauðnum. Ekki skal heldur litið framhjá því, að með mikilvægri þekkingu, sem er svo margþætt í nútímanum, fær verndun sérstæðrar þjóðmenningar okkar byr í segl, því þekkingin vill engu gleyma.

En sjaldan fær þjóðfélagið að lifa einvörðungu við framtíðardrauma, hversu raunhæfir og aðkallandi sem þeir virðast. Atvinnuleysi hefur þegar orðið sá vandi í landi okkar sem ekki verður hjá komist að horfast í augu við. Öllum er okkur ljóst hvíllik sóun það er á mannauðnum, – það lítillækkar einstaklinga, það sundrar þjóðinni. Og síst má það gleymast að öll berum við samábyrgð á því atvinnuleysi sem við búum við á Íslandi. Samúð okkar og skilningur er ríkur og við hljótum að geta tekið enn betur á til að vinna á því bug.

Aldrei fyrir hefur tæknin sýnt okkur jafnmarga möguleika og um þessar mundir. Stundum er talað um þekkingarsprengingu sem orðið hafi á liðnum áratugum. Nú blasir við okkur ný sprenging í þekkingarmiðluninni. Á örskotsstundu komumst við í samband við upplýsingabanka um allan heim, getum leitað okkur fróðleiks frá fyrstu hendi, hvort sem við erum skólafólk á Kópaskeri eða í Króksfjarðarnesi eða starfsmenn í Reykjavík eða á Raufarhöfn. Allur heimurinn liggur fyrir fótum okkar. Í þessum efnum þarf hvorki að há okkur einangrun né fámenni. Það er ekki spurt um fjöldann sem myndar þjóð, heldur hverjir eru kostir þessarar þjóðar, hvar er hún stödd á þekkingarvegi, hvað kann hún, hvað getur hún gert?

Tæknin sem er að halda innreið sína er svo ævintýraleg að henni verður naumast lýst í orðum. Kannski segir það eitthvað ef ég nefni að geisladiskur fyrir tölvu,

jafnstór hinum sem flytur okkur tónlist, getur geymt allt að 200.000 blaðsíður af texta, ef ekki er sett á hann annað efni. Það myndi líklega jafngilda því að ævistarf Halldórs Laxness kæmist tíu sinnum á einn disk.

Í útlöndum er þegar búið að gefa út mikið námsefni og fróðleiksefni á slíkum geisladiskum, og er þar blandað saman texta, hljóði, kyrrum og lifandi myndum, ásamt línuritum og skýringarefni. Enn sem komið er eigum við engan íslenskan upplýsingadisk. Þar er verk að vinna, því varla unum við því að ungir Íslendingar þurfi að leita sér allra nýjustu upplýsinganna á erlendum málum þegar fram líða stundir.

Erlendir forystumenn á ýmsum sviðum hafa á undanförunum mánuðum fullyrt að það sem ráða muni úrslitum varðandi velgengni einstakra þjóða í harðnandi samkeppni á komandi árum verði menntun þeirra og þekking. Mitterrand, forseti Frakklands, skoraði nú á haustdögum á alla stjórnmalaflokka landsins að setja menntamál í öndvegi þegar stefnan yrði mörkuð fyrir næstu kosningar. Hliðstæða áskorun ber ég nú fram gagnvart íslenskum stjórnmalamönnum og bið þá að bera menntunina sérstaklega fyrir brjósti, svo kunnátta okkar um haf og land, um vernd og nýtingu sjávar, um uppgæðslu lands og ræktun bústofna, og um margbrotið völunderhús tækninnar, megi verða kunn um allan heim svo til verði vitnað.

En vitanlega gildir enn sem fyrr að lítið stoðaði okkur að eignast allan heiminn ef við látum undir höfuð leggjast að rækta með okkur vinarþel, sjálfsaga og virðingu. Ég hef nefnt það áður á þessum vettvangi og nefni það enn, að án sjálfsaga verða okkur flestar leiðir torfærar. Og sjálfsagi rís upp af heiðarleika, heiðarleiki rís á virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum mönnum, – öllu sínu umhverfi, í einu orði sagt: á siðgæði. Það er sannfæring mín að með aga, menntun og þekkingu, sem eftir yrði tekið víða á byggðu bóli verði okkur allar leiðir færar, við innri styrk íslensks þjóðfélags, því mannauðinn erum við svo lánsöm að eiga.

Árið 1994 var okkur ár þjóðminninganna. Á síðari þjóðhátíðardegi þess, hinn fyrsta desember, færði þjóðin sjálfri sér einhverja glæsilegustu gjöf sem hægt er að óska menningarþjóð, Þjóðarbókhöfðu. Við þann merka áfanga varð þjóðin vitni að einstæðu framtaki háskólastúdenta, gjörvulegrar æsku landsins, sem stóð fyrir árangursríkri söfnun í þjóðbókasjóð til eflingar þessari miðstöð þekkingar. Þess er óskandi að sem flestir leggi leið sína í hús Þjóðarbókhöfundunnar til að skynja þvílíkt afl er hægt að virkja til varðveislu menningararfs okkar og hvílíkan styrk má sækja til hans þegar við sækjum fram til nýrra tíma með nýjum hugmyndum og þeim metnaði að vera sterk þjóð meðal þjóða, hvað sem fámenni og öðrum aðstæðum líður.

Góðir landar mínir. Hvert ár ber með sér stundir gleði og sorgar. Á liðnu ári veit ég að margir hafa mikils misst og á þessum tímamótum votta ég öllum þeim samúð mína sem um sárt eiga að binda, um leið og ég sameinast þeim í endurminningunni og þökk fyrir samvistir við þá sem nú eru gengnir.

Í ljóðinu „Hin efstu grös“ orti skáldið Guðmundur Böðvarsson 17. júní 1944:

Vænti ég þess nú að litist um fold minna feðra  
fylkingin hljóða, hin burtu kallaða sveit.  
Ást hennar, lífsreynsla, fórnir og fyrirbæni  
fylgi þér, land mitt og þjóð mín, í hamingjuleit.

En heill yður hinum, þér verkmenn sem voryrkjur kalla!  
Veldur mér fögnuði hugsun um komandi ár:  
Veit ég með stolti að starfsamar, fórnfúsar hendur stefna að því

markvíst að græða míns fósturlands sár.

Skáldinu varð að ósk sinni. Það vitum við 50 árum síðar. Og nú óskum við okkur nýrra þjóðarafreka til framtíðar.

Ég árna okkur öllum árs og friðar og bið Guð að blessa Ísland og Íslendinga.